



**51. fundur Fjölskylduráðs Múlapings
haldinn í fundarsal sveitarstjórnar, Lyngási 12 Egilsstöðum, þriðjudaginn 20.
september 2022
og hófst hann kl. 13:15**

Fundinn sátu:

Sigurður Gunnarsson formaður, Björg Eypórsdóttir varaformaður, Guðmundur Björnsson Hafþórsson aðalmaður, Guðný Lára Guðrúnardóttir aðalmaður, Kristjana Sigurðardóttir varamaður, Eypór Stefánsson aðalmaður, Jóhann Hjalti Þorsteinsson aðalmaður, Þórlaug Alda Gunnarsdóttir áheyrnarfulltrúi, Sigurbjörg Hvönn Kristjánsdóttir fræðslustjóri, Stefanía Malen Stefánsdóttir starfsmaður fræðslusviðs og Marta Wium Hermansdóttir starfsmaður fræðslusviðs.

Fundargerð ritaði: Sigurbjörg Hvönn Kristjánsdóttir, fræðslustjóri

Áheyrnarfulltrúar grunnskóla, Þorbjörg Sandholt og Hrefna Hlín Sigurðardóttir sátu lið 1. og 2. Áheyrnarfulltrúar leikskóla Ragnhildur Kristjánsdóttir og Guðmunda Vala Jónasdóttir sátu lið 4. Sóley Þrastadóttir skólastjóri Tónlistarskólans á Egilsstöðum, Kristín Guðlaug Magnúsdóttir skólastjóri Egilsstaðaskóla og Þorbjörg Sandholt skólastjóri Djúpavogsskóla sátu lið 1.

Dagskrá:

1. 202209139 - Stytting vinnutími kennara

Fyrir liggur samkomulag um styttingu vinnuvikunnar fyrir kennara í eftirfarandi skólum:
Egilsstaðaskóla, Fellaskóla, Djúpavogsskóla, Tónlistarskólanum á Egilsstöðum og Tónlistarskólanum í Fellabæ.

Fjölskylduráð samþykkir fyrirbyggjandi tillögur.

Samþykkt samhljóða með handauppréttingu.

2. 202205073 - Skólaakstur

Fyrir liggur bókun heimastjórnar Fljótsdalshéraðs frá 9. maí 2022 þar sem því er beint til fjölskylduráðs, umhverfis- og framkvæmdaráðs auk byggðaráðs að unnið verði að því að bæta enn frekar öryggi barna í dreifbýli á ferðum sínum í og úr skóla t.d. með því að efla snjóhreinsun og hálkuvörnir á vegum. Byggðaráð fól sveitarstjóra í bókun á fundi sínum þann 5. júlí 2022 (málsnúmer 202011098) að koma áherslum ráðsins á framfæri við innviðaráðherra auk forstjóra og stjórnenda Vegagerðarinnar og jafnframt óska eftir fundi fyrir lok ágúst mánaðar.

Fjölskylduráð tekur undir bókun byggðaráðs að unnið verði að því að bæta enn frekar öryggi barna í dreifbýli á ferðum sínum í og úr skóla með eflingu snjóhreinsunar og hálkuvarna á vegum. Fjölskylduráð leggur áherslu á að fundi með innviðaráðherra og forstjóra Vegagerðarinnar verði komið á eins fljótt og auðið er.



Samþykkt samhljóða með handauppréttingu.

3. 202208124 - Reglur um niðurgreiðslu á daggæslu í heimahúsum

Fyrirliggja drög að reglum um niðurgreiðslu á daggæslu í heimahúsum.

Fjölskylduráð gerði athugasemd við 7. gr. og afgreiðslu málsins því frestað

4. 202209137 - Sumarlokun leikskóla 2022

Lagt fram til kynningar.

5. 202204195 - Fjárhagsáætlun fræðslumála 2023

Fyrir liggur beiðni um aukið fjármagn fyrir starfsmann í Mötuneyti Egilsstaðaskóla dagsett 14. sept 2022.

Fjölskylduráð tekur jákvætt í beiðnina og vísar málinu til fjárhagsáætlunargerðar.

Samþykkt samhljóða með handauppréttingu.

6. 202209140 - Stefnumótun Fjölskylduráðs

Fjölskylduráð vill hefja vinnu við stefnumótun fyrir sviðið og felur fræðslustjóra, félagsmálastjóra og íþrótt- og æskulýðsstjóra að koma með tillögu að skipulagi við þá vinnu.

Samþykkt samhljóða með handauppréttingu.

7. 202012045 - Skýrsla fræðslustjóra

Lagt fram til kynningar.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 16:00

